

BRÁÐABIRGÐALÖG

74

30. júní

um breyting á lögum nr 120 28. desember 1950, um aðstoð til útvegsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem sjá megi fyrir, að stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna muni ekki hafa lokið úthlutun lána úr sjóðnum fyrir 1. júlí n. k., eins og gert var ráð fyrir þegar lög nr. 120/1950 voru sett, verði ekki komizt hjá að lengja starfstíma sjóðstjórnarinnar frá því, sem nú er ákveðið í lögnum. Auk þess beri nauðsyn til að ríkisstjórninni sé veitt heimild til eftirgjafa á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í lögum nr. 120/1950 og gera nokkrar aðrar smávægilegar breytingar til þess að auðvelda framkvæmd laganna.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. laganna orðist svo:
Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. ágúst 1951.

2. gr.

14. gr. 4. mgr. breytist þannig:
Í stað orðanna „1. júlí 1951“ komi: 1. ágúst 1951.

3. gr.

Aftan við fyrri mgr. 19. gr. bætist:
Nú virðist framtalin en ólýst krafa ekki tortryggileg og skal þá heimilt að taka hana upp í frumvarp til skuldaskila, sbr. 21. gr.

4. gr.

Aftan við fyrri málslíð 22. gr. bætist:
Þá lánardrottna þarf þó ekki að boða, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi, sbr. 21. gr., að fái kröfur sínar greiddar að fullu.

5. gr.

Framan við 24. gr. komi:
Þeir kröfuhafar einir, er lýst hafa kröfum sínum, áður en boðað er til skuldheimtumannafundar og ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi samkvæmt 21. gr. að fái fulla greiðslu, eiga atkvæðisrétt um frumvarp til skuldaskila.

6. gr.

Aftan við 27. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú er stjórn Skuldaskilasjóðs sammála um að nauðsyn beri til að veita eftirgjöf á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í 1. tölulíð þessarar greinar, í því skyni að koma hlutaðeigandi útgerð á heilbrigðan grundvöll, þá skal sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita eftirgjöf á einhverjum hluta veðskulda við styrktar- og lánasjóð, framkvæmdasjóð ríkisins og ríkissjóð.
Þann hluta umræddra lána, sem hlutaðeigandi útgerðarfyrtæki verður talið fært að standa undir, er sjóðstjórninni heimilað að greiða með skuldabréfum

74 sjóðsins og má lán úr sjóðnum þá fara fram úr því hámarki, sem segir í 10. gr., 30. júní sbr. þó 11. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. júní 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

75

30. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 117 1950 um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji óhjákvæmilegt, eins og málum er nú komið, að hækka greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna ríkisins frá því sem ákveðið er í lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld, o. fl.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að hækka nú þegar greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna ríkisins, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. september, 1. desember 1951 og 1. marz og 1. júní 1952, skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvísitölu næsta mánaðar á undan.

2. gr.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal breytast þannig, að hlutfallið milli kaupgjalds fyrir þessa vinnu og dagvinnu viðkomandi launþega haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Gjört að Bessastöðum, 30. júní 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.